

Númer:
ISBN:

FMS 2019-39
978-9935-9478-7-1



FERÐA
MÁLA
STOFA
ICELANDIC
TOURIST
BOARD 

FERÐAMÁLARANNSÓKNIR TOURISM RESEARCH IN ICELAND

NÓVEMBER 2019

Könnun á afkomu fyrirtækja í ferða- þjónustu 2018 með samanburði við fyrri ár

Könnun gerð af KPMG fyrir Ferðamálastofu

Alexander G. Eðvardsson
KPMG



© Ferðamálastofa 2019

Útgefandi: Ferðamálastofa - Geirsgötu 9, 101 Reykjavík / Hafnarstræti 91, 600 Akureyri
Netfang: upplýsingar@ferdamalastofa.is
Veffang: www.ferdamalastofa.is

Titill: Könnun á afkomu hótelfyrirtækja 2018 með samanburði við fyrri ár
Höfundur: Alexander G. Eðvardsson

Kápa: Porthönnun

Númer: FMS 2019-39

ISBN: 978-9935-9478-7-1

Öll réttindi áskilin. Skýrsluna má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

Inngangur

Ferðamálastofa fól KPMG að gera úttekt á rekstri fyrirtækja í ferðaþjónustu á síðasta ári með sérstaka áherslu á rekstur fyrstu 6 mánaða ársins 2018 með samanburði við sömu mánuði 2017. Niðurstöður könnunarinnar þóttu áhugaverðar og í kjölfar birtingar hennar skapaðist mikil umræða um stöðu greinarinnar. Vegna þeirrar óvissu sem var í rekstrarumhverfi ferðaþjónustunnar í byrjun árs 2019, m.a. vegna deilna á vinnumarkaði og falls WOW, var talin ástæða til að endurtaka könnunina og fá fram upplýsingar um rekstur ársins 2018.

Í mars 2019 sendi KPMG fyrirtækjum í ferðaþjónustu beiðni um að veita tiltekna rekstrarupplýsingar. Beiðnin var send í tölvupósti á 1128 pósthöfundum, bæði til stórra og smárra fyrirtækja. Skýrsla um afkomu hótelfyrirtækja var birt í júlí 2019. Svör frá bílaleigum, hópbílafyrirtækjum, afþreyingarfyrirtækjum og ferðaskrifstofum nægðu hins vegar ekki til að unnt væri að byggja á þeim áreiðanlegar niðurstöður. Var því ákveðið að fresta úrvinnslu og afla frekari upplýsinga úr ársreikningum hjá ársreikningaskrá.

Þessi úrvinnsla hefur nú farið fram og byggja eftirfarandi niðurstöður á upplýsingum sem bárust í umræddri könnun auk upplýsinga úr ársreikningum valinna fyrirtækja. Fyrst og fremst voru veltumikil fyrirtæki valin í þessu úrtaki.

Reykjavík, 31. október 2019.

KPMG ehf.

Alexander G. Eðvardsson

Fyrirvarar

- KPMG hefur unnið skýrslu fyrir Ferðamálastofu um afkomu fyrirtækja í ferðaþjónustu með áherslu á árið 2018.
- Þjónustan var veitt í samræmi við verksamning milli aðila og var hún unnin á tímabilinu mars - október 2019. KPMG ber ekki ábyrgð á að uppfæra efni skýrslunnar í tengslum við atburði eða upplýsingar sem kunna að koma fram síðar.
- Efni skýrslunnar byggir á rekstrarupplýsingum sem fyrirtæki í ferðaþjónustu veittu að beiðni KPMG. Bæði upplýsingar sem veittar voru á þessu ári og eins upplýsingar sem veittar voru á síðasta ári. Einnig var stuðst við upplýsingar úr ársreikningum fyrirtækja.
- Ekki var framkvæmd sérstök könnun á áreiðanleika þeirra gagna sem byggt er á en miðað er við að heimildir séu traustar. KPMG getur ekki ábyrgst nákvæmni né áreiðanleika þeirra upplýsinga sem hér koma fram né að þær séu tæmandi.
- Ekkert í þessari skýrslu ber að túlka sem áreiðanleikakönnun, lögfræði- eða verðmatsráðgjöf.
- Skýrslan verður birt opinberlega eftir að hún hefur verið afhent og gerir KPMG ekki athugasemdir við það.
- KPMG ber enga ábyrgð á ákvörðunum sem teknar verða á grundvelli upplýsinga sem fram koma í skýrslunni.

Samandregnar niðurstöður (1/4)

Helstu niðurstöður

- Eins og fram kemur í töflunni hér til hliðar lækkaði gengi krónunnar gagnvart helstu gjaldmiðlum á árinu 2018. EUR hækkaði um 6,5%, GBP um 5,2% og USD um 11,4%. Þrátt fyrir þessa lækkun á gengi krónunnar er gengi hennar þó ennþá hærra en það var í lok árs 2015 eins og sjá má í töflunni.
- Vegna veikingar krónunnar á árinu 2018 má ætla að afkoma fyrirtækja í ferðapjónustu, sem selja stóran hluta þjónustu sinnar í erlendum gjaldmiðlum, hefði batnað, enda fjölgaði erlendum ferðamönnum um 5,5% frá fyrra ári.
- Hækkun á innlendum kostnaðarliðum á árinu jók hins vegar rekstrarkostnað fyrirtækja og vann á móti hækkun tekna vegna veikingar krónunnar. Á árinu hækkaði launavísitalan um 6,3%, byggingarvísitala um 4,1% og vísitala neysluverðs um 3,25%.
- Verulegur munur er á afkomu hótela í Reykjavík og úti á landi og er hún mun betri í Reykjavík. Svo virðist sem afkoma hótela versni almennt eftir því sem fjær dregur höfuðborgarsvæðinu sem styður þá kenningu að ferðamenn dvelji skemur og fari minna út á land nú en áður.
- Afkoma bílaleiga og hópbílafyrirtækja versnaði milli árána 2017 og 2018 að meðaltali og sem gefur vísbendingar um að innlendar kostnaðarhækkunar hafi vegið upp tekjuauka vegna lækkunar á gengi krónunnar.
- Afkoma ferðaskrifstofa batnaði hins vegar milli ára sem skýrist fyrst og fremst af lækkun kostnaðarliða, enda voru tekjur þeirra nánast sama krónutala bæði árin.
- Afkoma afþreyingarfyrirtækja stóð nánast í stað milli ára. EBITDA framlegð lækkaði sem hlutfall af tekjum en hækkaði í krónum talið þar sem tekjur jukust milli ára. Hagnaður lækkaði bæði í krónum talið og sem hlutfall af tekjum, fyrst og fremst vegna hækkunar á fjármagnskostnaði milli ára.

Gengisþróun - breytingar á gengi gjaldmiðla gagnvart ISK

	EUR		GBP		USD	
2011	159,3		189,9		123,0	
2012	170,3	6,9%	208,7	9,9%	129,1	4,9%
2013	158,9	-6,7%	190,7	-8,6%	115,3	-10,7%
2014	154,7	-2,7%	198,1	3,9%	127,2	10,3%
2015	141,7	-8,4%	192,5	-2,8%	129,9	2,1%
2016	119,5	-15,7%	139,3	-27,7%	113,1	-12,9%
2017	125,4	5,0%	141,3	1,5%	104,7	-7,4%
2018	133,6	6,5%	148,7	5,2%	116,6	11,4%

Breytingar á gengi:

frá 2015-2018	-5,7%	-22,8%	-10,2%
frá 2012-2018	-21,5%	-28,7%	-9,6%

Fjöldi erlendra ferðamanna

Ár	Aðrir				
	Keflavík	flugvellir	Norræna	Samtals	Breyting
2014	969.180	10.048	17.922	997.150	
2015	1.261.940	8.661	20.339	1.290.940	29,5%
2016	1.767.730	4.539	21.129	1.793.398	38,9%
2017	2.195.271	6.979	19.242	2.221.492	23,9%
2018	2.315.925	7.158	20.690	2.343.773	5,5%

Heimild: Ferðamálastofa.

Samandregnar niðurstöður (2/4)

Hótel

- Rekstrarhagnaður (EBITDA) hótela á landsbyggðinni var almennt lakari en í Reykjavík á árinu 2018. Rekstrarafkoma var að meðaltali neikvæð á Vesturlandi og Norðurlandi en jákvæð á Suðurlandi og Suðurnesjum. Upplýsingar um rekstrarafkoma á Vestfjörðum og Austurlandi voru ekki nægar til að geta sagt til um afkoma á þeim landssvæðum.
- Samanburður á afkoma árána 2017 og 2018 leiðir eftirfarandi í ljós:
 - Rekstrarhagnaður hótela í Reykjavík er því sem næst sama hlutfall af tekjum bæði árin. Var 12,7% 2017 og 12,6% 2018.
 - Rekstrartap fyrirtækja á Vesturlandi lækkaði milli ára og fer úr því að vera 9,6% á árinu 2017 í að vera 5,2% fyrir árið 2018.
 - Á Norðurlandi jókst rekstrartap úr 0,8% á árinu 2017 í 1,5% á árinu 2018.
 - Á Suðurlandi lækkaði rekstrarhagnaður úr 11,6% í 8,8%.
 - Rekstrarhagnaður fyrirtækja á Suðurnesjum lækkaði úr 11,3% í 6,9%.
- Rekstrarhagnaður hótela í Reykjavík hefur lækkað lítillega frá árinu 2016 þegar hann var 14,4%. EBIDTA framlegð 2018 nam 12,6% og 2017 var hún 12,7%. Rekstur hótela á landsbyggðinni hefur versnað frá 2016. EBITDA framlegð var aðeins 3,3% á árinu 2018 en var 9,8% á árinu 2016.
- Árið 2016 var mjög gott ár í ferðapjónustu þar sem ferðamönnum sem komu til landsins fjölgaði um tæp 40% frá árinu á undan og gistinóttum fjölgaði um ríflega 20% milli ára á sama tíma og gengi krónunnar hækkaði verulega gagnvart helstu gjaldmiðlum. Tekjur jukust því bæði vegna fjölgunar ferðamanna og hagstæðrar þróunar á gengi krónunnar.
- Laun sem hlutfall af tekjum eru að jafnaði hærra hlutfall af tekjum hjá hótélum á landsbyggðinni en í Reykjavík. Laun sem hlutfall af tekjum námu 44,8% hjá hótélum á landsbyggðinni 2018 en þetta hlutfall var 36,3% í Reykjavík. Veitingasala er almennt hærra hlutfall af tekjum hjá fyrirtækjum úti á landi er í Reykjavík og skýrir það að hluta hærri launakostnað.
- Meðalverð á herbergi og herbergjanýting er lægri á landsbyggðinni en í Reykjavík.

Fjöldi gistinátta - allar tegundir gistingar		
	Búsundur gistinátta	Breyting
2010	2.999	
2011	3.249	8,3%
2012	3.752	15,5%
2013	4.546	21,2%
2014	5.490	20,8%
2015	6.470	17,9%
2016	7.809	20,7%
2017	8.376	7,3%
2018	8.549	2,1%

Heimild: Ferðamálastofa

Samandregnar niðurstöður (3/4)

Bílaleigur

- Yfirlit um bílaleigur byggir á upplýsingum frá sömu níu bílaleigum vegna árána 2016 – 2018.
- Tekjur jukust um 1,4% milli árána 2017 og 2018 sem er minni aukning en nemur fjölgun ferðamanna, en hún var 5,5% samkvæmt tölum Ferðamálastofu. Fram hefur komið að leigutími bílaleigubíla hafi styst og styðja þessar tölur þá þróun. Einnig sést að fjöldi bílaleigubíla í rekstri í júlímánuði 2018 var nánast sá sami og 2017.
- EBITDA framlegð lækkaði milli ára vegna hækkunar á rekstrarkostnaði og vegur hækkun launakostnaðar þyngst, en hann hækkaði úr 25,8% af tekjum í 27,2%. Launakostnaður hefur hækkað mikið sem hlutfall af tekjum þessi ár, en hann var 22,5% af tekjum 2016. Það ár var umtalsverður hagnaður af rekstri bílaleiga. Árið 2017 var hann óverulegur og 2018 var hann því sem næst 0.

Hópbílafyrirtæki

- Yfirlit um hópbílafyrirtæki byggir á upplýsingum frá sömu sjö fyrirtækjunum vegna árána 2015 - 2018. Rétt þykir að innifela einnig upplýsingar um árið 2015 þar sem afkoma fyrirtækja var miklu mun betri það ár en hún hefur verið síðan.
- Tap varð af rekstri þessara félaga að meðaltali árin 2017 og 2018. Afkoman var í járnnum 2016 en hagnaður var að meðaltali 7% af tekjum á árinu 2015. Árin 2016 -2018 voru þrjú félög rekin með tapi og fjögur skiluðu hagnaði. Árið 2015 voru öll félögin rekin með hagnaði.
- Ekki er ein augljós skýring á lækkun tekna milli ára og versnandi afkomu þessara félaga. Væntanlega eru margar ástæður fyrir þessari þróun og má þar nefna hugsanlega aukna samkeppni frá öðrum félögum sem ekki eru innifalin þessari könnun; verðlækkningar vegna mikillar samkeppni og aukin samkeppni við erlend fyrirtæki sem bjóða þjónustu hér á landi á verði sem innlend fyrirtæki geta illa keppt við. Breytt neyslumynstur ferðamanna kann einnig að skýra þessa breytingu. Svo virðist sem ferðamenn sem koma til landsins dvelji hér í færri daga en áður og ferðist minna út á land í skipulögðum hópferðum.
- Ljóst er að árið 2015 sker sig úr hvað varðar tekjur, hagnað og handbært fé frá rekstri. Á því ári var einnig fjárfest mun meira í rekstrarfjárumunum en árin þar á eftir.

Fjöldi bílaleigubíla		
Ár	Fjöldi	Fjölgun milli ára
2012	9.805	
2013	11.479	17,1%
2014	14.206	23,8%
2015	17.416	22,6%
2016	20.464	17,5%
2017	26.167	27,9%
2018	26.211	0,2%

Fjöldi bílaleigubíla í júlímánuði
Heimild: Hagstofan

Nýskráningar hópbifreiða		
Ár	Fjöldi	Fjölgun milli ára
2012	2.084	
2013	2.179	4,6%
2014	2.300	5,6%
2015	2.463	7,1%
2016	2.862	16,2%
2017	3.095	8,1%
2018	3.198	3,3%

Heimild: Samgöngustofa

Samandregnar niðurstöður (4/4)

Afþreyingarfyrirtæki

- Á vormánuðum veittu nokkur afþreyingarfyrirtæki rekstrarupplýsingar, en ekki nægilega mörg til að geta birt niðurstöður. Því var ákveðið að sækja upplýsingar um rekstur nokkurra fyrirtækja til viðbótar. Þau félög voru valin með það í huga að ná sem mestri dreifingu í þjónustu við ferðamenn. Upplýsingar um rekstur afþreyingarfyrirtækja eru birtar í fyrsta sinn og aðeins fyrir árin 2017 og 2018.
- Upplýsingar um rekstur afþreyingarfyrirtækja tekur til 13 félaga og námu tekjur þeirra samtals 24,6 ma.kr. 2018 og 20,8 ma.kr. 2017. Á árinu 2018 voru fimm félög rekin með tapi, en í flestum tilvikum var um óverulegar fjárhæðir að ræða. Sama gilti um 2017, en það ár voru fimm félög einnig rekin með tapi, sem þó var ekki verulegt. Fjögur af þessum fimm fyrirtækjum voru rekin með tapi bæði árin.

Ferðaskrifstofur

- Upplýsingar um rekstur ferðaskrifstofa innifela rekstur níu ferðaskrifstofa sem sérhæfa sig í móttöku erlendra ferðamanna. Ferðaskrifstofur þessar voru valdar af handahófi, þó þannig að reynt var að velja fyrirtæki sem teldust stór á íslenskan mælikvarða. Upplýsingar um rekstur ferðaskrifstofa eru birtar í fyrsta sinn og aðeins fyrir árin 2017 og 2018.
- Tekjur þeirra ferðaskrifstofa sem könnunin náði til nam nam því sem næst sömu fjárhæð bæði árin. Þrátt fyrir óbreyttar tekjur jókst hagnaður milli ára, fyrst og fremst vegna umtalsverðrar lækkunar á beinum kostnaði við ferðir.
- Beinn kostnaður vegna ferða lækkaði milli ára úr 64,4% af tekjum í 59,2%. Aðrir kostnaðarliðir hækkuðu lítillega milli ára, en mun minna en nam lækkun kostnaðarverðs sölu. Afkoma þessara félaga var að meðaltali vera góð, en aðeins eitt félag var rekið með lítilsháttar tapi 2018. Á árinu 2017 voru hins vegar fjögur fyrirtæki sem skiluðu tapi, sem var þó óverulegt sem hlutfall af veltu þessara félaga. Ef litið er til þess að hópbílafyrirtæki og hótél úti á landi eru stórir viðskiptavinir ferðaskrifstofa má ætla að ferðaskrifstofur hafi náð að lækka kaupverð á þessari þjónustu sem kemur kemur heim og saman við þá niðurstöðu að afkoma þessara fyrirtækja versnaði að meðaltali milli árana 2017 og 2018.
- Ef litið er til breytingar á launakostnaði fyrirtækjanna milli ára þá hækkaði hann um 6,6% í krónum talið. Þessi hækkun er í takti við hækkun launavísitölu sem hækkaði um 6,45% milli ára. Þessi hækkun bendir til þess að umsvif fyrirtækjanna hafi ekki dregist saman.



Hótel

Tölulegar upplýsingar

Almennar upplýsingar

- Upplýsingar sem bárust frá hótelfyrirtækjum innifela upplýsingar frá fyrirtækjum sem samtals voru með 5.581 hótélherbergi í rekstri 2018 og námu tekjur þeirra 38,6 ma.kr. á árinu. Hótélherbergi á landinu öllu eru um 10.000 og þátttaka því yfir 55% mælt í fjölda herbergja. Stærstu hótélkeðjur landsins veittu upplýsingar auk nokkurs fjölda smærri rekstraraðila. Má því leiða líkum að því að niðurstöður skýrslunnar gefi ákveðnar vísbendingar um afkomu greinarinnar í heild.
- Þátttaka var misgóð eftir landshlutum og vert að hafa það í huga þegar niðurstöður eru túlkaðar. Ekki fengust nægar upplýsingar um rekstur hótela á Austurlandi til að sýna þær sérstaklega og eru þær innifaldar í tölum fyrir Norðurland. Sama á við um upplýsingar frá Vestfjörðum og eru þær teknar með í tölum um Vesturland. Hér til hliðar er yfirlit um þátttöku eftir landshlutum.
- Tölulegar upplýsingar fyrir hótél eru settar fram sundurliðaðar í hótél í Reykjavík annars vegar og á landsbyggðinni í heild hins vegar. Að auki eru rekstrarupplýsingar settar fram skipt á landssvæði þannig að rekstur á Vesturlandi, Norðurlandi, Suðurlandi og Suðurnesjum er birtur sérstaklega. Þegar upplýsingar eru birtar hér á eftir er rétt að hafa í huga að undir Vesturlandi eru einnig upplýsingar frá smáum rekstraraðila á Vestfjörðum. Einnig innifela tölulegar upplýsingar um Norðurland upplýsingar um smáan rekstraraðila á Austurlandi. Þar sem rekstur þessara aðila er ekki umsvifamikill hefur hann óveruleg áhrif á heildarniðurstöður.
- Í rekstraryfirlitum sem birt eru í skýrslunni eru upplýsingar um einstaka tekju- og gjaldaliði settar fram sem hlutfall hvers liðar af heildartekjum. Sérstaklega eru dregnar fram upplýsingar um rekstrarárangur og EBITDA framlegð sem hlutfall af heildartekjum.

Þátttaka hótela í könnuninni eftir landshlutum mælt í herbergjafjölda

	Heildarfjöldi herbergja	Herbergi í könnun	Hlutfall
Reykjavík	5.060	3.491	69,0%
Vesturland og Vestfirðir	712	261	36,7%
Norðurland og Austurland	1.462	951	65,0%
Suðurland	2.146	749	34,9%
Suðurnes	630	129	20,5%
	10.010	5.581	55,8%

Rekstrarupplýsingar fyrir árin 2018, 2017 og 2016

- Verulegur munur er á afkomu fyrirtækja í Reykjavík og á landsbyggðinni. Afkoman hefur farið lækkandi öll árin frá 2016 bæði í Reykjavík og úti á landi.
- Veitingasala er hærra hlutfall af tekjum á landsbyggðinni en í Reykjavík.
- Launakostnaður er mun hærra hlutfall af tekjum á landsbyggðinni. Hann hækkar öll árin úti á landi en stendur nánast í stað í Reykjavík. Hærra hlutfall seldra veitinga skýrir að hluta hærri launakostnað en einnig hefur betri herbergjanýting þau áhrif að launakostnaður verður lægri.
- Ekki urðu verulegar breytingar á öðrum kostnaðarliðum milli ára, þó hefur húsnæðiskostnaður heldur verið að hækka öll árin. Þessi kostnaðarliður er lítillega lægri úti á landi en í Reykjavík sem hlutfall af tekjum.

Yfirlit um rekstur hótela 2018, 2017 og 2016						
	Reykjavík			Landsbyggðin		
	2018	2017	2016	2018	2017	2016
Tekjur						
Sala á gistingu	70,6%	69,6%	65,3%	65,4%	64,2%	60,8%
Sala á veitingum	24,0%	25,8%	29,0%	33,4%	34,3%	37,3%
Aðrar tekjur	5,4%	4,6%	5,7%	1,2%	1,5%	1,9%
Tekjur	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
Rekstrarkostnaður						
Vörunotkun	9,1%	8,8%	9,4%	15,8%	14,2%	15,8%
Laun og launatengd gjöld	36,3%	36,5%	36,5%	44,8%	42,9%	41,5%
Húsnæðiskostnaður	26,6%	26,1%	24,2%	23,8%	22,4%	22,0%
Annar rekstrarkostnaður	15,3%	15,8%	15,5%	12,4%	15,6%	10,9%
Afskriftir	2,4%	2,6%	2,7%	1,9%	1,9%	1,8%
Rekstrarkostnaður	89,8%	89,8%	88,3%	98,6%	97,0%	92,0%
Rekstrarhagnaður (-tap)	10,2%	10,2%	11,7%	1,4%	3,0%	8,0%
EBITDA framlegð	12,6%	12,7%	14,4%	3,3%	4,8%	9,8%

Rekstrarupplýsingar fyrir árin 2018, 2017 og 2016 frh.

- Þegar rekstri á landsbyggðinni er skipt eftir landshlutum, Vesturland, Norðurland, Suðurland og Suðurnes kemur í ljós að mikill munur er á afkomu milli landshluta. Norðurland og Vesturland skera sig úr með lægstu afkomuna.
- Afkoma fyrirtækja á Vesturlandi er verst en litlu betri á Norðurlandi og ljóst að mikill taprekstur hlýtur að vera hjá fyrirtækjum í þessum landshlutum að meðaltali. Afkoma fyrirtækja á Suðurlandi og Suðurnesjum er mun betri og rekstrarafkoma þeirra jákvæð. Þó er afkoma þeirra mun lakari en hjá fyrirtækjum í Reykjavík.
- Nokkur munur er einnig á launakostnaði milli landshluta mælt sem hlutfall af tekjum. Launakostnaður, sem hlutfall af tekjum, er hæstur hjá fyrirtækjum á Vesturlandi.
- Húsnæðiskostnaður er einnig mismunandi eftir landshlutum. Hann er lægstur á Suðurnesjum þar sem afskriftir fastafjármuna eru hæstar. Það er vísbending um að fyrirtæki þar eigi fasteignir undir reksturinn en leigi þær ekki sem er algengara í öðrum landshlutum.
- Seldar veitingar sem hlutfall af tekjum eru hæstar á Vesturlandi en lægstar á Suðurnesjum.
- Herbergjanýting á Suðurnesjum var á bilinu 50-78%. Á Suðurlandi var hún 43-66%. Herbergjanýting á Norðurlandi var 43-62% og á Vesturlandi var hún 45-56%.
- Ekki var marktækur munur á meðalverði á herbergi á milli landshluta. Meðalverð hótela var á bilinu 12.800 – 30.700 kr. Lægsta meðalverð hótels var á Vesturlandi og það hæsta á Suðurnesjum.

Yfirlit um rekstur hótela á landsbyggðinni 2018

	Landsbyggðin			
	Vesturland	Norðurland	Suðurland	Suðurnes
Tekjur				
Sala á gistingu	59,6%	61,3%	63,9%	87,1%
Sala á veitingum	39,6%	37,2%	34,7%	12,7%
Aðrar tekjur	0,8%	1,5%	1,4%	0,2%
Tekjur	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
Rekstrarkostnaður				
Vörunotkun	14,2%	15,1%	16,8%	15,6%
Laun og launatengd gjöld	51,5%	43,8%	43,6%	45,8%
Húsnæðiskostnaður	27,7%	29,0%	21,2%	13,2%
Annar rekstrarkostnaður	11,8%	13,4%	9,6%	18,5%
Afskriftir	0,2%	1,7%	1,8%	4,6%
Rekstrarkostnaður	105,4%	103,0%	93,0%	97,7%
Rekstrarhagnaður (-tap)	-5,4%	-3,0%	7,0%	2,3%
EBITDA framlegð	-5,2%	-1,3%	8,7%	6,9%

Rekstrarupplýsingar fyrir árið 2018

- Mikill munur var á afkomu fyrirtækja 2018 eftir landshlutum. Hún var best í Reykjavík en nokkru lakari á Suðurlandi og Suðurnesjum. Hún var hins vegar mun verri á Vesturlandi og Norðurlandi þar sem fyrirtæki voru rekin með miklu tapi.
- Mikill munur er á launakostnaði milli landshluta mælt sem hlutfall af tekjum. Svo virðist sem hagkvæmni stærðarinnar komi vel fram í þessum kostnaðarlið.
- Launakostnaður sem hlutfall af tekjum var mun hærri á landsbyggðinni en í Reykjavík. Hann var hlutfallslega lægstur á Suðurlandi en hæstur á Vesturlandi hjá fyrirtækjum á landsbyggðinni.
- Verulegur munur er á EBITDA framlegð eftir landshlutum. Þannig skera Vesturland og Norðurland sig úr með lægstu framlegðina, auk þess sem nýting og meðalverð er að jafnaði lægst í þeim landshlutum. Meðalframlegð var 10,4% á landinu í heild en hún var neikvæð um 5,2% á Vesturlandi og 1,5% á Norðurlandi.
- Herbergjanýting var mun betri í Reykjavík en úti á landi. Hún var nálægt því að vera 84% að meðaltali í Reykjavík en innan við 60% að meðaltali úti á landi.

Yfirlit um rekstur hótela 2018						
		Landsbyggðin				Allt landið
	Reykjavík	Vesturland	Norðurland	Suðurland	Suðurnes	Samtals
Tekjur						
Sala á gistingu	70,6%	59,6%	61,3%	63,9%	87,1%	69,3%
Sala á veitingum	24,0%	39,6%	37,2%	34,7%	12,7%	26,3%
Aðrar tekjur	5,4%	0,8%	1,5%	1,4%	0,2%	4,4%
Tekjur	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
Rekstrarkostnaður						
Vörunotkun	9,1%	14,2%	15,1%	16,8%	15,6%	10,7%
Laun og launatengd gjöld	36,3%	51,5%	43,8%	43,6%	45,8%	38,4%
Húsnæðiskostnaður	26,6%	27,7%	29,0%	21,2%	13,2%	25,9%
Annar rekstrarkostnaður	15,3%	11,8%	13,4%	9,6%	18,5%	14,6%
Afskriftir	2,4%	0,2%	1,7%	1,8%	4,6%	2,3%
Rekstrarkostnaður	89,8%	105,4%	103,0%	93,0%	97,7%	91,9%
Rekstrarhagnaður (-tapi)	10,2%	-5,4%	-3,0%	7,0%	2,3%	8,1%
EBITDA framlegð	12,6%	-5,2%	-1,3%	8,7%	6,9%	10,4%

Rekstrarupplýsingar fyrir árið 2017

- Verulegur munur var á EBITDA framlegð eftir landshlutum. Þannig skáru Vesturland og Norðurland sig úr með lágstu framlegðina, auk þess sem nýting og meðalverð er að jafnaði lægst í þeim landshlutum. Meðalframlegð var 10,8% á landinu í heild en hún var neikvæð um 9,6% á Vesturlandi og 0,8% á Norðurlandi.
- Mikill munur er einnig á launakostnaði milli landshluta mælt sem hlutfall af tekjum. Svo virðist sem hagkvæmni stærðarinnar komi vel fram í þessum lið auk þess sem launakostnaður er hærri þar sem hærra hlutfall tekna er af veitingasölu.

Yfirlit um rekstur hótela 2017						
		Landsbyggðin				Allt landið
	Reykjavík	Vesturland	Norðurland	Suðurland	Suðurnes	Samtals
Tekjur						
Sala á gistingu	69,6%	56,7%	61,6%	61,9%	81,4%	68,3%
Sala á veitingum	25,8%	42,3%	36,8%	36,0%	18,6%	27,9%
Aðrar tekjur	4,6%	1,0%	1,6%	2,0%	0,0%	3,9%
Tekjur	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
Rekstrarkostnaður						
Vörunotkun	8,8%	14,6%	14,9%	14,6%	11,3%	10,1%
Laun og launatengd gjöld	36,5%	52,5%	44,7%	41,7%	34,9%	38,1%
Húsnæðiskostnaður	26,1%	21,9%	27,2%	22,2%	11,8%	25,2%
Annar rekstrarkostnaður	15,8%	20,5%	14,0%	9,9%	30,7%	15,7%
Afskriftir	2,6%	0,2%	1,1%	2,1%	4,1%	2,4%
Rekstrarkostnaður	89,8%	109,8%	101,9%	90,6%	92,8%	91,6%
Rekstrarhagnaður (-tap)	10,2%	-9,8%	-1,9%	9,4%	7,2%	8,4%
EBITDA framlegð	12,7%	-9,6%	-0,8%	11,6%	11,3%	10,8%

Rekstur hótela í Reykjavík

- Þegar litið er til áráanna 2015-2018 sést að afkoma hótela í Reykjavík hefur sveiflast nokkuð. Þannig fór EBITDA framlegð úr 6,4% árið 2015 í 14,4% á árinu 2016. Hún var hins vegar nánast óbreytt árin 2017 og 2018 eða 12,7 og 12,5%.
- Nokkrar breytingar eru á milli ára á einstökum gjaldaliðum. Þrátt fyrir það er rekstrarkostnaður sem hlutfall af tekjum sá sami 2017 og 2018 eða 88,8%.
- Herbergjanýting jókst milli áráanna 2015 og 2016 en var svipuð 2017 og 2016. Hún virðist hafa lækkað lítillega á árinu 2018 frá fyrra ári.
- Meðalverð á herbergi hækkaði nokkuð milli áráanna 2015 og 2016, lauslega áætlað nam hækkunin um 10%. Hins vegar var óveruleg breyting á meðalverði milli áráanna 2016-2018.

Rekstur hótela í Reykjavík 2015 -2018				
	2018	2017	2016	2015
Tekjur				
Sala á gistingu	70,6%	69,6%	65,3%	50,9%
Sala á veitingum	24,0%	25,8%	29,0%	42,4%
Aðrar tekjur	5,4%	4,6%	5,7%	6,7%
Tekjur	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
Rekstrarkostnaður				
Vörunotkun	9,1%	8,8%	9,4%	14,4%
Laun og launatengd gjöld	36,3%	36,5%	36,5%	38,8%
Húsnæðiskostnaður	26,6%	26,1%	24,2%	18,3%
Annar rekstrarkostnaður	15,3%	15,8%	15,5%	22,1%
Afskriftir	2,4%	2,6%	2,7%	4,4%
Rekstrarkostnaður	89,8%	89,8%	88,3%	98,0%
Rekstrarhagnaður (-tap)	10,2%	10,2%	11,7%	2,0%
EBITDA framlegð	12,6%	12,7%	14,4%	6,4%

Rekstur hótela á landsbyggðinni

- Þegar litið er til áráanna 2015-2018 er ljóst að afkoma hótela á landsbyggðinni hefur sveiflast mikið á þessum árum. Þannig fór EBITDA framlegð úr 7,1% árið 2015 í 9,8% á árinu 2016 en lækkaði síðan í 3,3% á árinu 2018.
- Laun og launatengd gjöld hækkuðu nokkuð sem hlutfall af tekjum milli áráanna 2017 og 2018. Launakostnaður er yfir 40% af tekjum öll árin.
- Herbergjanýting þessi ár var best 2016 en var nokkru lægri 2017 og 2015. Mikill munur var á nýtingu einstakra hótela á þessum árum og var hún frá því að vera 37% upp í 89%.
- Meðalverð á herbergi hækkaði lítillega milli ára, en er þó lægra en í Reykjavík.

Rekstur hótela á landsbyggðinni 2015-2018				
	2018	2017	2016	2015
Tekjur				
Sala á gistingu	65,4%	64,2%	60,0%	59,8%
Sala á veitingum	33,4%	34,3%	38,4%	38,0%
Aðrar tekjur	1,2%	1,5%	1,6%	2,2%
Tekjur	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
Rekstrarkostnaður				
Vörunotkun	15,8%	14,2%	15,8%	15,5%
Laun og launatengd gjöld	44,8%	42,9%	41,5%	41,9%
Húsnæðiskostnaður	23,8%	22,4%	22,0%	23,8%
Annar rekstrarkostnaður	12,4%	15,6%	10,9%	11,7%
Afskriftir	1,9%	1,9%	1,8%	2,0%
Rekstrarkostnaður	98,6%	97,0%	92,0%	94,9%
Rekstrarhagnaður (-tap)	1,4%	3,0%	8,0%	5,1%
EBITDA framlegð	3,3%	4,8%	9,8%	7,1%

Rekstur hótela á Vesturlandi

- Afkoma hótela á Vesturlandi er áberandi lakari en í öðrum landshlutum en hefur þó aðeins batnað á hverju ári frá 2015.
- Launakostnaður hefur lækkað á hverju ári frá 2015, eða úr 64,9% í 51,5% af tekjum. Þrátt fyrir þessa lækkun er launakostnaður í þessum landshluta þó mun hærri en í öðrum landshlutum.
- Meðalnýting áráanna var lítillega lægri en í öðrum landshlutum.
- Meðalverð var nokkru lægra en annars staðar á landsbyggðinni og mun lægra en á höfuðborgarsvæðinu.

Rekstur hótela á Vesturlandi 2015 -2018				
	2018	2017	2016	2015
Tekjur				
Sala á gistingu	59,6%	56,7%	62,2%	57,2%
Sala á veitingum	39,6%	42,3%	37,7%	42,5%
Aðrar tekjur	0,8%	1,0%	0,1%	0,3%
Tekjur	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
Rekstrarkostnaður				
Vörunotkun	14,2%	14,6%	13,0%	16,2%
Laun og launatengd gjöld	51,5%	52,5%	57,0%	64,9%
Húsnæðiskostnaður	27,7%	21,9%	25,0%	21,5%
Annar rekstrarkostnaður	11,8%	20,5%	16,1%	17,2%
Afskriftir	0,2%	0,2%	1,6%	1,5%
Rekstrarkostnaður	105,4%	109,8%	112,7%	121,2%
Rekstrarhagnaður (-tap)	-5,4%	-9,8%	-12,7%	-21,2%
EBITDA framlegð	-5,2%	-9,6%	-11,1%	-19,7%



Bílaeigur

Tölulegar upplýsingar

Rekstrarupplýsingar fyrir árin 2018, 2017 og 2016

- Tekjur námu 20,5 ma.kr. 2018, 20,2 ma.kr. 2017 og 18,8 ma.kr. 2016. Söluverð bifreiða er ekki innifalið í þessum fjárhæðum, aðeins söluhagnaður. Tekjur milli árunna 2017 og 2018 jukust um 1,4% milli árunna.
- Fimm félaganna sem könnunin nær til voru rekin með hagnaði 2018 og fjögur með tapi. Tap þeirra var nánast sama fjárhæð og hagnaður félaganna sem högnuðust.
- Eins og fram kemur í yfirlitinu hér til hliðar jókst rekstrarkostnaður sem hlutfall af tekjum úr 84,8% í 89,1% milli árunna 2016 og 2017. Þessi kostnaður hækkaði áfram í 92,6% á árinu 2018. Þarna vegur hækkun launakostnaðar þyngst, en hann hækkaði úr 25,3% af tekjum í 27,2%. Launakostnaður hefur hækkað mikið sem hlutfall af tekjum þessi tvö ár þar sem hann nam 22,5% af tekjum 2016
- EBITDA framlegð 2018 var 35% og lækkaði hún nokkuð frá árinu á undan og verulega frá 2016 þegar hún var 43%.
- Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnskostnað og skatta hefur farið lækkandi öll þrjú árin sem voru skoðuð. Hann nam 15,5% 2016 en hafði lækkað í 7,4% á árinu 2018.
- Fjármagnskostnaður jókst á árinu 2017 og nam 9,9% af tekjum það ár. Helsta ástæða hækkunar á árinu er óhagstæð gengisþróun.
- Reiknaður tekjuskattur 2018 er tekjutala þar sem heildartap fyrirtækja fyrir tekjuskatt nemur hærri fjárhæð en heildarhagnaður þeirra félaga sem skiluðu hagnaði. Tekjufærður tekjuskattur hefur þau áhrif að niðurstaðan er lítilsháttar hagnaður eða 0,2% af tekjum.
- Heildareignir í árslok 2018 námu 35,8 ma.kr. Bókfært eigið fé var 3,9 ma.kr. og eiginfjárlutfall 10,8%. Veltufjárlutfall félaganna var aðeins 0,32 í árslok 2018 en hafði þó batnað úr því að vera 0,28 í árslok 2017.

Yfirlit um rekstur bílaleiga 2018, 2017 og 2016				
	2018	2017	2016	
Tekjur				
Sala	95,9%	90,0%	88,2%	
Aðrar tekjur	4,1%	10,0%	11,8%	
	Tekjur	100,0%	100,0%	100,0%
Rekstrarkostnaður				
Rekstrarkostnaður bifreiða	21,5%	22,3%	23,2%	
Laun og launatengd gjöld	27,2%	25,8%	22,5%	
Annar rekstrarkostnaður	16,3%	15,0%	13,3%	
Afskriftir	27,6%	26,4%	27,0%	
	Rekstrarkostnaður	92,6%	89,5%	86,0%
Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði	7,4%	10,5%	14,0%	
Fjármagnskostnaður, nettó	-7,6%	-9,7%	-6,7%	
Tekjuskattur	0,4%	0,0%	-1,5%	
Hagnaður ársins	0,2%	0,8%	5,8%	
EBITDA framlegð	35,0%	36,9%	41,0%	



Hópbílafyrirtæki

Tölulegar upplýsingar

Rekstrarupplýsingar fyrir árin 2015 - 2018

- Tekjur fyrirtækjanna sem innifalin eru í könnuninni námu samtals 15,2 ma.kr. 2015 en hafa lækkað og námu 13,5 ma.kr. 2018. EBITDA framlegð hefur lækkað á hverju ári frá 2015 þegar hún var 17,1% niður í 5,8% á árinu 2018. Tekjur hafa lækkað frá 2015 og lækkuðu um 5,6% í krónum á milli árunum 2017 og 2018 hjá þeim sjö fyrirtækjum sem innifalin eru í könnuninni.
- Fjögur félaganna sem könnunin nær til voru rekin með hagnaði 2018 og þrjú með tapi. Samanlagt tap var hærri fjárhæð en hagnaður þeirra félaga sem högnuðust. Tap ársins 2018 nam samtals 1,9% af tekjum. Eins og fram kemur í yfirlitinu til hliðar hefur rekstrarkostnaður fyrir fjármagnsliði á síðustu tveimur árum verið nánast jafn hár tekjum.
- Tvö af þremur félögum sem rekin voru með tapi á árunum 2016-2018 voru rekin með tapi öll árin. Eitt félag skilaði tapi í tvö af þessum þremur árum og eitt var rekið með tapi í eitt ár.
- EBITDA framlegð lækkaði áfram 2018 og var aðeins 5,8% af tekjum sem er mikill viðsnúningur frá 2015 sem var mjög gott ár.
- Aðkeypt þjónusta hækkaði milli árunum 2017 og 2018 sem hlutfall af tekjum sem gefur vísbendingar um að félögin hafi ekki getað hækkað söluverð um innlendar kostnaðarhækkunarir.
- Tekjuskattur árin 2016 - 2018 er tekjutala þar sem skatteign vegna yfirfæranlegs taps er færð til eignar hjá félögum sem rekin voru með tapi á þessum árum.
- Heildareignir framangreindra fyrirtækja í árslok námu 9,2 ma.kr. sem er því sem næst sama fjárhæð og í árslok 2017. Eiginfjárlutfall í árslok 2018 nam að meðaltali 22,4% og lækkaði það lítillega milli ára, en það var 23,0% í árslok 2017. Veltufjárlutfall í árslok 2018 var 0,51 og breyttist það lítið milli ára.
- Fjárfestingar félaganna voru í hámarki 2015, þegar þær námu 3,9 ma.kr. en hafa lækkað verulega síðan og námu 729 m.kr. 2018.

Yfirlit um rekstur hópbíla 2015 til 2018				
	2018	2017	2016	2015
Tekjur				
Sala	98,4%	97,4%	97,9%	97,5%
Aðrar tekjur	1,6%	2,6%	2,1%	2,5%
Tekjur	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
Rekstrarkostnaður				
Rekstrarkostnaður bifreiða	14,7%	14,7%	14,9%	14,4%
Aðkeypt þjónusta	29,0%	27,1%	27,3%	25,0%
Laun og launatengd gjöld	43,3%	43,8%	42,4%	35,5%
Annar rekstrarkostnaður	7,2%	7,8%	7,9%	8,1%
Afskriftir	5,8%	6,6%	5,9%	6,2%
Rekstrarkostnaður	100,1%	100,0%	98,5%	89,2%
Rekstrarhagnaður (-tap)	-0,1%	0,0%	1,5%	10,8%
Fjármagnskostnaður, nettó	-2,4%	-2,4%	-1,4%	-2,0%
Tekjuskattur	0,5%	0,4%	0,0%	-1,9%
Hagnaður (tap) ársins	-1,9%	-2,0%	0,1%	7,0%
EBITDA framlegð	5,8%	6,6%	7,4%	17,1%

Yfirlit um þróun tekna og fjárfestinga						
	Tekjur		Handbært fé frá rekstri		Fjárfestingarhreyfingar	
	í m.kr.	Breyting	í m.kr.	Breyting	í m.kr.	Breyting
2015	15.212		1.685		-3.948	
2016	13.583	-10,7%	401	-76,2%	-1.856	-53,0%
2017	14.242	4,8%	789	96,9%	-1.140	-38,6%
2018	13.451	-5,6%	423	-46,4%	-729	-36,1%



Afbreytingarfyrirtæki

Tölulegar upplýsingar

Rekstrarupplýsingar fyrir árin 2018 og 2017

- Tekjur afþreyingarfyrirtækja jukust því um 18,3% milli ára. Þrátt fyrir auknar tekjur lækkaði hagnaður þeirra milli ára, bæði sem hlutfall af tekjum og eins í krónum.
- EBIDTA framlegð þeirra lækkaði úr 29,5% í 26,8% og hún lækkaði einnig í krónum þrátt fyrir hækkun tekna.
- Rekstrarkostnaður sem hlutfall af tekjum hækkar nokkuð og samsetning kostnaðarliða breyttist. Fyrst og fremst felst breytingin í því að laun og annar rekstrarkostnaður sem hlutfall af tekjum hækka en kostnaðarverð sölu lækkar.
- Fjármagnskostnaður hækkar verulega bæði sem hlutfall af tekjum og í krónum.
- Tekjuskattur lækkaði nokkuð sem hlutfall af tekjum en hækkaði lítillega í krónum.

Afþreyingarfyrirtæki 2018 og 2017			
		2018	2017
Tekjur			
Sala		99,8%	99,7%
Aðrar tekjur		0,2%	0,3%
	Tekjur	100,0%	100,0%
Rekstrarkostnaður			
Kostnaðarverð sölu		17,9%	18,4%
Laun og launatengd gjöld		38,7%	37,3%
Annar rekstrarkostnaður		16,5%	14,8%
Afskriftir		3,4%	3,3%
	Rekstrarkostnaður	76,6%	73,8%
Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði		23,4%	26,2%
Fjármagnskostnaður, nettó		-3,3%	-0,4%
Tekjuskattur		-4,3%	-4,8%
Hagnaður ársins		15,8%	21,0%
EBITDA framlegð		26,8%	29,5%



Ferðaskrifstofur

Tölulegar upplýsingar

Rekstrarupplýsingar fyrir árin 2018 og 2017

- Tekjur þeirra námu samtals 24,0 ma.kr. 2018 og 23,7 ma.kr. 2017 og breyttust óverulega milli ára.
- EBITDA framlegð og hagnaður félaganna jókst á milli ára þrátt fyrir að tekjur stæðu nánast í stað. Aukinn hagnaður skýrist af því að rekstrarkostnaður lækkaði milli ára, að undanskildum launum sem hækkuðu bæði sem hlutfall af tekjum og í krónum.
- Lægri rekstrarkostnaður gerir meira en að jafna út hækkun launakostnaðar og hækkar EBITDA framlegð félaganna úr 5,3% af tekjum í 8,5%.
- Af þeim átta fyrirtækjum sem innifalin eru í könnuninni var aðeins eitt rekið með tap á árinu 2018. Þau voru þrjú á árinu 2017.
- Eiginfjárlutfall félaganna í árslok 2018 var 48,4% og lækkaði úr 52,4% í árslok 2017. Veltufjárlutfall í árslok 2018 var 0,97 og hækkaði úr 0,84 frá fyrra ári.
- Rekstur félaganna skilaði handbæru fé upp á 2,3 ma.kr. 2018 og 1,4 ma.kr. 2017.

Yfirlit um rekstur ferðaskrifstofa 2018, 2017			
		2018	2017
Tekjur			
Sala		98,3%	98,2%
Aðrar tekjur		1,7%	1,8%
	Tekjur	100,0%	100,0%
Rekstrarkostnaður			
Rekstrarkostnaður		58,3%	63,6%
Laun og launatengd gjöld		23,1%	21,9%
Annar rekstrarkostnaður		10,1%	9,2%
Afskriftir		3,8%	3,0%
	Rekstrarkostnaður	95,2%	97,6%
Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði		4,8%	2,4%
Fjármagnskostnaður, nettó		0,4%	0,2%
Tekjuskattur		-1,3%	-0,7%
Hagnaður ársins		3,9%	1,9%
EBITDA framlegð		8,5%	5,3%



Tengiliðir

Í tengslum við greinargerð þessa má hafa samband við:

Alexander G. Eðvardsson

aedvardsson@kpmg.is



ÚTGEFIÐ Í NÓVEMBER 2019

